



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
við lagningu hornsteins  
stöðvarhúss Þeistareykjavirkjunar  
23. september 2016**

Ráðherrar,  
forstjóri Landsvirkjunar,  
aðrir góðir gestir.

Það eru að sönnu mikil og ánægjuleg tímamót þegar lagður er hornsteinn stöðvarhúss Þeistareykjavirkjunar, mikils mannvirkis sem án efa mun efla atvinnulíf hér í fjórðungnum.

Ef lítið er yfir auðlindasögu Íslendinga sést að þjóðinni hefur ekki alltaf tekist að horfa til langs tíma þegar landgæði voru nýtt. Fyrstu aldirnar hjuggu menn skóg að rótum og gengu til kola uns upp var urinn skógurinn; síðan tóku vindar að þjala burt skjóllausan jarðveginn sem eftir stóð uns landflæmi stóðu örfoka. Þá var spyrnt við fótum með stofnun Landgræðslu, skógrækt og fleiri aðgerðum.

Í sjávarútvegi var reynsla þjóðarinnar áþekkt þessu; fyrstu aldirnar voru skip og veiðarfæri svo smátæk að sóknarþunginn hafði enga þýðingu, alltaf var til nóg af fiski. En með síhækkandi tæknistigi á tuttugustu öld kom að því að auðlindum sjávar var hætta búin, með hverju nýju skipi, dró úr verðmætasköpun; þegar tekið var upp aflamarkskerfi, sem sannarlega var og er umdeilt, tóku fiskistofnar að braggast.

Nú skal alls ekki látið eins og öll vandamál í landbúnaði og sjávarútvegi séu leyst en hitt er ljóst að þjóðin hefur spornað myndarlega gegn skefjalausri rányrkju á þessum vettvangi og sýnir þar með sjónarmiðum sjálfbærni skilning í vaxandi mæli — sýnir fyrirhyggju og framsýni.

Sagan um virkjun vatnsafls í landinu er á ýmsan hátt hliðstæð þessari framvindu. Fyrst þegar hugmyndir kviknuðu um að beisla fossana

kunnu sumir sér ekki hóf og vildu ólmir hirða gullið sem þeir gætu gefið af sér. Erlendir og innlendir framkvæmdamenn litu jafnvel djásn á borð við Gullfoss og Dettifoss girndarauga, máttu ekki til þess hugsa að þarna rynni gull til sjávar, engum til gagns þegar þjóðin var að rísa úr öskustó.

En um sama leyti óx nýjum hugmyndum um fegurð náttúrunnar ásmegin, hugmyndum um að hrjóstrugt, voldugt landslag, sem ekki var nytjað í hefðbundnum skilningi, gæti verið ógnarfagurt. Árin liðu og áform um nýtingu mættu æ ríkari andstöðu þeirra sem frekar vildu vernda náttúru landsins, fossa og víðerni.

Þingeyingar þekkja manna best og af eigin raun ágreining um virkjun vatnsfalla. Þeir muna Laxárdeiluna, það þegar stíflan í Miðkvísl var sprengd á laun árið 1970; það er nokkuð mögnuð saga og átökin stórfelld á íslenskan mælikvarða. Þá voru þeir menn til sem vildu láta skeika að sköpuðu um fiskinn í ánni, létu sér kannski fátt um finnast þegar fegurð Laxár og Mývatns átti í hlut en gengu um síðir á vegg.

Þannig endurtekur þessi saga sig í sífellu. Menn uppgötva nýjar nytjar, nýja auðlind, og taka að nýta hana af krafti uns ekki verður lengra gengið, andstaða kemur upp og þá heyrast í vaxandi mæli langtímasjónarmið og kröfur um sjálfbærni. Nýtingin verður að ná jafnvægi til langs tíma litið, annars er stefnt í ógöngur.

Sem betur fer nýtur sjónarmið jafnvægis og sjálfbærni nú verulegs stuðnings á vettvangi orkuframleiðslu í landinu. Grundvallarhugsunin í hinni svonefndu rammaáætlun, „Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða“, er sú að meta þurfi af kostgæfni hverju er fórnað með nýrri virkjun, að velja þurfi virkjunarkosti út frá langtímasjónarmiðum. Virkjanir þarf að reisa í sátt við samfélagið sem nýtir þær. Vera má vera að þess sé stutt að bíða að þjóðin sætti sig ekki við fleiri stórar vatnsaflsvirkjanir, telji að nú sé nóg komið.

Og þá er það jarðhitinn.

Með virkjun jarðhitans hafa Íslendingar unnið kraftaverk sem vel er tekið eftir í öðrum löndum. Fyrst húshitun, svo raforkuframleiðsla og svo allt hitt sem jarðhitnum fylgir, ylrækt, sundlaugar, snjóbræðsla, fiskeldi, og fleira, þessi gæði eru umtalsverð og geta talist ein af gildari stoðum þjóðarbúsins.

Mikilvægt er að jarðhiti sé nýttur af framsýni og að náttúruþerlum sé ekki spillt meira en góðu hófi gegnir við nýtingu hans. Umfram allt þarf þjóðin að ná sátt um hvernig að þessu er staðið. Háhitabelti liggur um landið frá norðri til suðurs og beygir svo til suðvesturs og á því beltí er eftir mestum jarðhitalindum að slægjast. Á suðvesturhorninu er þessi

auðlind nýtt með stórtækum hætti á Nesjavöllum, Hellisheiði, Svartsengi og Reykjanesi; hér nyrðra við Kröflu og Bjarnarflag, og frá og með næsta ári einnig á Þeistareykjum.

Við höfum öll heyrt varnaðarorð um nýtingu jarðhita. Okkur er öllum ljóst að slík sjónarmið þarf að meta á vísindalegan hátt og með það í huga að ætlun þjóðarinnar er að nýta þessa auðlind til frambúðar en forðast rányrkju. Og ég veit að stjórnendur Landsvirkjunar eru mjög meðvitaðir um nauðsyn þess að hyggja að náttúruvernd í sínu starfi.

Það er líka nauðsynlegt á þessari stundu að minna á baráttu mannkynsins við hættulegar afleiðingar af brennslu jarðefnaeldsneytis, einkum kola, bensíns og olíu. Þessi vátta var nýlega viðurkennd með afgerandi hætti á alþjóðlegri ráðstefnu í París og liggur fyrir að Ísland hefur dregið gríðarlega úr þörf landsmanna fyrir jarðefnaeldsneyti með nýtingu vatnsafls og jarðhita. Gleðiefni er að í fyrradag fullgiltu íslensk stjórnvöld Parísarsamkomulagið um aðgerðir gegn losun gróðurhúsalofttegunda. Þar með höfum við lagt þung lóð á vogarskálar baráttunnar gegn loftslagsbreytingum.

Ekki er þar með sagt að sú barátta réttlæti hvaða virkjanir sem er á Íslandi, því fer auðvitað fjarri. Hinu verður ekki neitað að samanburður á mengunaráhrifum af kolakýntum raforkuverum annars vegar og vatnsknúnum eða jarðgufuknúnum hins vegar er sláandi og geysióhagstæður fyrir kolaorkuverin.

En í dag er hátíð í bæ; hornsteinn er lagður að stöðvarhúsi og Þeistareykjavirkjun fær það verkefni að skapa hér verðmæti, virkja auðlind í þágu landsmanna. Von mín er sú að þetta mannvirki reynist farsælt fyrir íbúa, skapi orku og auð til langframa og efla mannlífið í nálægum byggðum.

Ég færi Landsvirkjun, öllum þeim sem unnu að þessu glæsilega verki og þjóðinni allri til hamingjuóskir.